

## Leiðbeiningar fyrir sýnatöku úr nösum hrossa

Hvert sýnatökusett inniheldur 25 glös með geymslúvökva, u.þ.b. 60 bómullarpinna, límmiða með strikamerkjum (í tvíriti) og leiðbeiningar.

1. Opnið pokann með bómullarpinnunum þannig að bómullarendinn sé aldrei snertur.
2. Takið tvo bómullarpinna úr pokanum og lokið svo pokanum með bréfaklemmunni.
3. Stingið tveimur bómullarpinum saman inn í nös hrossins og nuddið aðeins mjúklega. **Báðir pinnar eiga að vökna vel í slími.**
4. Setjið pinnana í sýnaglas þannig að strokið lendi í geymslúvökvanum. Brjótið pinnana þannig að hægt sé að loka glasinu.
5. **Lokið glasinu vel** þannig að það leki ekki.
6. Merkið glasið með strikamerkjálímmiða (annar af tveimur með sama númeri). Mikilvægt er að líma miðann langsum en ekki þversum á glasið til að hægt sé að lesa hann í skanna.
7. Límið hinn límmiðann með sama númeri á sýnatökuskýrsluna með upplýsingum um hrossið (örmerki, fæðingarnr./IS-nr., nafn, litur)
8. Mikilvægt er að sýnaglösin standi lóðrétt þannig að pinnarnir liggi í vökvanum í a.m.k. 2 klst.
9. Geyma má sýnin í einn dag við herbergishita en eftir það skal geyma þau í kæli þar til þau verða send til Matís.
10. Sendið Matís sýnin eins fljótt og hægt er.
11. Sýnatökuskýrslu (frumriti eða afriti) er skilað svo fljótt sem verða má á næstu starfsstöð RML, til skráningar í WFeng. Ath. að rafræn afrit má einnig sem best senda í tp til RML, þar til skýrsla fyllist en þá sé frumriti skilað inn til varðveislu.

Matís ohf  
Steinunn Magnúsdóttir  
Vínlandsleið 12  
113-Reykjavík

Ef einhverjar spurningar vakna hafið þá samband við  
Steinunni Magnúsdóttur  
s. 422-5124  
e-mail: [steinunn@matís.is](mailto:steinunn@matís.is)

Ef hross er ósamvinnuþýtt í sýnatöku (ómannvant hross) er mögulegt að taka hársýni úr faxi/sterti. Þá eru 20-30 hár tekin með röt (háarsekkjum). Þeim komið fyrir í umslagi og umslagið merkt með strikamerkjálímmiða (sem annars hefði farið á sýnatökuglas).

Ef nauðsynlegt reynist að taka DNA-sýni úr hræi, þá vinsamlegast hafið samband við Matís, áður en farið er í sýnatöku og fáið leiðbeiningar og sérstakan búnað (glös og einnota hnífa) hjá Matís.

Niðurstaða DNA-sýna (ættensistaðfesting) er birt með sjálfvirkum hætti í WorldFeng. Það erfðaefni sem einangrað er í hrossasýnum er varðveitt til framtíðar hjá Matís og mögulega nýtt til frekari rannsókna og þróunarstarfs fyrir íslenska hrossarækt, nema að eigandi sýnis (skráður hesteigandi) hafni því sérstaklega. Þriðja aðila er heimil notkun sýnanna til rannsókna og þróunarstarfs á grundvelli samnings þar um við MATÍS en framsal sýnanna er með öllu óheimilt án samþykkis eiganda.